

# STJÓRNARTÍÐINDI A 21 – 1994

Nr. 129

366

20. desember 1994

## LÖG

**um afnám laga nr. 57/1944, um tilraunastöð  
í jarðrækt á Reykhólum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 57 31. október 1944, um tilraunastöð í jarðrækt á Reykhólum, eru úr gildi felld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 1994.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

Nr. 130

20. desember 1994

## LÖG

**um sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda  
í ein heildarsamtök bænda.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í ein heildarsamtök bænda 1. janúar 1995 taka hin nýju samtök við réttindum og skyldum Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins, lögum samkvæmt.

Stjórnir Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins fara frá og með 1. janúar 1995 í sameiningu með það hlutverk, sem annarri hvorri þeirra er falið í einstökum lögum, uns fyrsta stjórn hinna nýju samtaka hefur verið kjörin. Eftir það fer sú stjórn með það hlutverk sem að framan greinir.

2. gr.

Þeir starfsmenn Búnaðarfélags Íslands, sem fastráðnir eru hjá félaginu 31. desember 1994 og verða starfsmenn hinna nýju samtaka, halda áunnum lífeyrisréttindum sínum og

geta áfram átt aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins með þeim réttindum og skyldum sem fyrir er mælt í lögum um lífeyrissjóðinn.

## 3. gr.

Ríkissjóður ábyrgist gagnvart hinum nýju samtökum skuldbindingar þeirra við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna lífeyrisréttinda skv. 2. gr., svo og vegna lífeyrisréttinda fastráðinna starfsmanna Búnaðarfélags Íslands sem látið hafa af störfum fyrir 1. janúar 1995.

## 4. gr.

Jafnskjótt og fyrsta þing hinna nýju samtaka hefur sett þeim formlegar samþykktir skulu lög þessi tekin til endurskoðunar, svo og öll þau lagaákvæði önnur þar sem vísað er til Búnaðarfélags Íslands eða Stéttarsambands bænda.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 15/1928, um lífeyri fastra starfsmanna Búnaðarfélags Íslands.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 1994.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Halldór Blöndal.

## LÖG

### um breyting á lyfjalögum, nr. 93/1994.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 3. mgr. 11. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Yfirdýralæknir hefur eftirlit með ávísunum dýralyfja.

## 2. gr.

Við síðari málsgrein 21. gr. laganna bætist eftirfarandi: en um lyfsölu dýralækna gildir 5. mgr. 30. gr.

## 3. gr.

Í stað 4. mgr. 30. gr. laganna koma tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja lyf lyfsöluleyfishöfum, stofnunum sem hafa lyfjafræðing í þjónustu sinni og reknar eru samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu eða öðrum sérlögum, læknum og tannlæknum til notkunar á eigin stofum eða í sjúkraitjunum og þeim tilraunastofum sem vinna að rannsóknum lyfja. Kostnaður lækna og tannlækna vegna slíkra lyfjakaupa fellur undir rekstrarkostnað.